







## KORKIMON

*23.3 — 30.4.2018*
METNAÐARGRÆÐGI

Korkimon steig fram með sýninguna Metnaðargræðgi. Korkimon er afsprengi Melkorku Katrínar og varð til þegar hún var 11 ára. Í listsköpun sinni fordæmir Korkimon leikreglurnar og fyrirmælin sem skipa fólki í fyrirframgefin hólf, setja fólk í ákveðin pláss, svo þau ögri ekki þeim leikreglum sem samfélagið hefur sett okkur. Það var þá fyrst sem Korkimon leyfði sér að óhlýðnast og afleiðingarnar urðu engar. Þess má geta að Melkorka Katrín hafði sérstakan áhuga á Pokémon sem barn.







### AUÐUR ÓMARSDÓTTIR

*6.12.2017 — 6.2.2018*
HLIÐSTÆÐUR

Auður Ómarsdóttir reið á vaðið með sýninguna Hliðstæður sem var samantekt af vísbendingum að uppgötvunum listamannsins í formi ljósmynda, teikninga, hugmynda og ferðasagna. Verkin voru eins og vörutalning úr töfraherbergi ársins, samansafn af táknum sem minntu á ævintýralegar háskaferðir. Þau birtast sem frásagnir af persónulegum upplifunum af háskaferðum listamannsins og háskaferðum umhverfsins og samfélagsins.

### HALLA EINARSDÓTTIR

*17.2 — 12.3.2018*
ÞRÓSKULDUR,
SKAÐVALDUR,
ÁBREIÐUR.

Halla Einarsdóttir rannsakaði frásagnarkraft hversdagslegra galla en hún notar lógík flökkusagna og orðróms sem vinnuaðferð og nýtir óljós mörk milli staðreyndar og skáldskapar sem virkjanlegt form. Verkin hennar vísa á gagnkvæmt samband okkar við sögur, staði og muni.

### KORKIMON

*23.3 — 30.4.2018*
METNAÐARGRÆÐGI

Korkimon steig fram með sýninguna Metnaðargræðgi. Korkimon er afsprengi Melkorku Katrínar og varð til þegar hún var 11 ára. Í listsköpun sinni fordæmir Korkimon leikreglurnar og fyrirmælin sem skipa fólki í fyrirframgefin hólf, setja fólk í ákveðin pláss, svo þau ögri ekki þeim leikreglum sem samfélagið hefur sett okkur. Það var þá fyrst sem Korkimon leyfði sér að óhlýðnast og afleiðingarnar urðu engar. Þess má geta að Melkorka Katrín hafði sérstakan áhuga á Pokémon sem barn.

### JÓNA HLÍF

*29.6 — 12.8.2018*
KYRRÐ

Jóna Hlíf bauð okkur sýninguna Kyrrð þar sem hún vann út frá nýrri frásögn með nýjum efnivið. Lék hún sér með konseptin afstrakt og form með hliðsjón af því hvað felst í að eitthvað sé staðbundið. Verkin tengdust öll endurminningum um staði á eða nálægt hálendi úr misgömlum ferðalögum. Það sem sameinaði verkin var heiðríkja, tærleiki og kyrrð – að minnsta kosti í huganum.

### HELGI ÞÓRSSON

*18.8.—14.10.2018*
SMÁSÖGUR ÚR KJALLARANUM

Helgi Þórsson er vel kunnur í íslensku listalífi. Hann heiðraði Kjallarann með myndum, skúlptúrum en ekki síst með nærveru sinni en hann er búsettur í Belgíu. Hann var svefnlítill við opnun sýningarinnar en taldi það litlu skipta því best væri að vera nærri rænulaus til að nálgast betur sannleika listarinnar.

### KRISTINN MÁR PÁLMASON

*20.10.—*
GULRÓTIN

Kristinn Már Pálmason lagði upp frá Jacques Derrida heimspekingi afbyggingarinnar. Í myndmáli Kristins má sjá til jafns tákn og óhlutbundin form eða formleysur. Á sýningunni gat að líta fjölbreyttan hugmyndaheim og gerólíka formútfærslu sem kallaði fram meðvitaða athugun listamannsins á eigin sálarástandi.